



# Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði  
Kt. 510694-2369, 450 2300

Innviðaráðuneytið

Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík

Vesturbyggð, 19. júní 2026  
2605080 GBS

## Efni: Umsögn Vesturbyggðar um áform um breytingar á hafnalögum nr. 61/2003 (gjaldaákvæði hafnalaga)

Vesturbyggð fagnar því að innviðaráðuneytið hafi lagt fram áform um endurskoðun gjaldaákvæða hafnalaga og boðað víðtækt samráð um málið. Sveitarfélagið hefur um árabil bent á nauðsyn þess að hafnalög verði endurskoðuð með hliðsjón af þeim miklu breytingum sem orðið hafa á starfsemi hafna, ekki síst vegna uppbyggingar fiskeldis og annarrar hafntengdrar atvinnustarfsemi.

Vesturbyggð tekur undir það sem fram kemur í kynningu ráðuneytisins um að mikilvægt sé að lagagrundvöllur gjaldtöku hafna sé skýr, gagnsær og taki mið af þeim verkefnum og skyldum sem hafnir sinna. Undanfarin ár hafa dómsmál og álitamál varðandi innheimtu hafnagjalda sýnt fram á að núgildandi lagaumgjörð skapar óvissu bæði fyrir hafnir og notendur þeirra. Nauðsynlegt er að sú réttaróvissa verði leyst með skýrum og ótvíræðum lagaákvæðum.

Starfsemi hafna hefur tekið miklum breytingum á undanförmum árum. Hafnir gegna í dag mun víðtækara hlutverki en áður og standa frammi fyrir auknum kröfum um öryggi, umhverfismál, þjónustu, viðhald og endurnýjun mannvirkja. Á Vestfjörðum hefur uppbygging fiskeldis haft veruleg áhrif á umfang hafnarstarfsemi og kallað á aukna uppbyggingu innviða og þjónustu. Lagaumhverfið þarf að endurspegla þessa þróun og tryggja að hafnir hafi raunhæfar og skýrar heimildir til að standa undir þeim kostnaði sem af starfseminni leiðir.

Vesturbyggð leggur sérstaka áherslu á að gjaldtökuheimildir hafna verði einfaldaðar og skýrðar. Mikilvægt er að skýrt liggi fyrir hvaða kostnaðarliðir megi liggja til grundvallar gjaldtöku og að hafnir hafi ótvíræðar heimildir til að innheimta gjöld vegna þeirrar þjónustu og þeirra innviða sem notendur hafna njóta. Þá er mikilvægt að gjaldtökuheimildir taki mið af rekstrarkostnaði, viðhaldi, endurnýjun mannvirkja, fjármagnskostnaði, afskriftum og nauðsynlegum fjárfestingum samkvæmt langtímaáætlunum hafna.

Vesturbyggð telur jafnframt mikilvægt að sérstaklega verði horft til þeirra breytinga sem gerðar voru á hafnalögum árið 2024 um eldisgjald. Sveitarfélagið hefur áður bent á að lagaákvæði um eldisgjald þurfi að vera skýr og fyrirsjáanleg þannig að ekki leiki vafi á lagastoð gjaldtöku eða þeim sjónarmiðum sem liggja að baki gjaldinu. Mikilvægt er að sú endurskoðun sem nú er hafin leiði til aukins skýrleika fyrir bæði hafnir og atvinnulíf og taki mið af þeirri þjónustu og þeim innviðum sem hafnir veita fiskeldi og öðrum atvinnugreinum.

Vesturbyggð telur jafnframt tímabært að við áframhaldandi endurskoðun hafnalaga verði tekin til skoðunar staða hafna sem samfélagslegra grunninnviða og hvort núverandi fyrirkomulag þjónustugjalda sé heppilegasti tekjustofn hafna til framtíðar. Hafnir gegna lykilhlutverki í



## Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði

Kt. 510694-2369, 450 2300

samgöngum, atvinnulífi, öryggi og byggðapróun og þjóna oft mun viðtækari hagsmunum en þeirra sem nýta þjónustu þeirra hverju sinni. Í ljósi þess telur Vesturbyggð eðlilegt að skoðað verði hvort hafnir eigi að hafa aðgang að tekjustofnum sem taka frekar mið af hlutverki þeirra sem mikilvægra innviða samfélagsins. Slík umræða er sérstaklega mikilvæg í ljósi aukinna krafna um uppbyggingu, öryggi, umhverfismál og orkuskipti í hafnarstarfsemi á komandi árum.

Vesturbyggð styður því þau áform að endurskoða gjaldaákvæði hafnalaga og telur mikilvægt að breytingarnar leiði til skýrari, einfaldari og réttlátari lagaumgjarðar sem tryggir sjálfbæran rekstur hafna um land allt. Jafnframt er mikilvægt að áframhaldandi vinna fari fram í nánu samráði við hafnir, sveitarfélög og Hafnasamband Íslands þannig að niðurstaðan taki mið af raunverulegum rekstrarskilyrðum og framtíðarþörfum hafna landsins.

Gerður Björk Sveinsdóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar

